

Mál nr. 107/2016
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar F og
vátryggingafélagið V-2 v. fasteignatryggingar.

Vatnstjón í íbúðarhúsi þ. 13.11.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.4.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V -1 dags. 19.4.2016.
3. Bréf V-2 dags. 19.5.2016.

Málsatvik.

Vatn flæddi inn í kjallara húss M úr frárennislögnum í eigu F. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu F og vatnstjónstryggingu. M segir að frárennislögnin hafi verið í ólagi í mörg ár og stjórnendum F hafi átt að vera kunnugt um vandamálið en tvisvar eða þrisvar hafi stífla verið losuð úr lögninni. M segist hafa fengið upplýsingar um að ekki hafi verið hægt að hreinsa lögnina eftir tjónsdag þar sem vatnsrör lægi þvert í gegn um hana. M segir að eftir að hann varð fyrir tjóninu þ.13.11.2014 hafi flætt aftur inn í kjallarann og lögnin stíflast tvívegis. V-1 hafnar bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu F og segir að miklar rigningar og asahláka hafi verið þegar tjónið varð, en gögn málsins séu afar takmörkuð um hvað varð þess valdandi að lagnirnar höfðu ekki undan að flytja það vatn sem um þær flæddi í umrætt sinn og engin matsgerð liggja fyrir eða önnur gögn um ástand lagnarinnar. V-1 segir að forsvarsmönnum F hafi ekki verið kunnugt um að eitthvað væri athugavert við lögnina og F eða einhver sem F beri ábyrgð á hafi því ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. V-2 hafnar bótaskyldu og segir að tjón M hafi orðið af völdum vatns utan veggja hússins og tjónið falli því ekki undir vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar M hjá V.

Álit.

Vatnstjón M var af völdum utanaðkomandi vatns úr holræsum sem eru hluti af fráveitukerfi sveitarfélagsins F en á ekki upptök sín innan veggja húss M. Þess vegna er bótaskylda ekki fyrir hendi úr fasteignatryggingu M hjá V-2. Ágreiningslaust er að holræsið annaði ekki að flytja vatnsmagnið sem þurfti að flytja við þær aðstæður sem voru þegar M tjónið varð. Ástæður þess að holræsið flutti ekki það vatnsmagn sem þurfti og leiddi til þess að M varð fyrir tjóninu liggja ekki ljósar fyrir. Ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna að ástand lagnarinnar hafi verið ábótavant og þá með hvaða hætti eða F eða aðilum sem F ber ábyrgð á hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um að flutningsgeta lagnarinnar væri ekki nægjanleg. M hefur ekki lagt fram gögn sem sýna með nægilega skýrum hætti fram á að F beri ábyrgð á því tjóni sem um varð og forsvarsmönnum F eða þeim sem F ber ábyrgð á hafi vitað af því að lögnin var gölluð og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V-1.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V-1 og M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V-2.

Reykjavík 24.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.